



Waldorfskólinn Sólstafir



Matsskýrsla

Skólaárið 2021-2022

Niðurstöður úr sjálfsmati skólaárið 2021-2022

Inngangur.

Waldorfskólinn Sólstafir starfar í Sóltúni 6 og er sjálfstætt rekinn almennur grunnskóli.

Nemendafjöldi skólans eru 110 nemendur árið 2021-2022.

Matsskýrslan inniheldur yfirlit yfir ramma sjálfsmats, yfirlit mats frá 2020-21 auk niðurstöðu matsvinnu og kannana síðasta skólaárs. Að auki er farið yfir umbótaþætti og áætlun fyrir næsta skólaár, þróunarverkefni og símenntun.

Forsenda raunhæfs sjálfsmats er góð og ýtarleg skólanámsskrá og hefur ritun hennar verið þróunarverkefni skólans undanfarin ár.

Markmið og stefna skólans.

Waldorfskólinn Sólstafir er sjálfstætt rekinn grunnskóli sem hefur starfað í Reykjavík frá árinu 2000. Skólinn er sjálfseignarstofnun. Skólinn starfar eftir kennslu og uppeldisfræði Rudolfs Steiner og eru markmið hennar í stuttu máli:

- Að veita nemendum sínum góða menntun.
- Að hlúa að heilbrigðum þroska í hverju barni.
- Að gera hverju barni kleift að nýta hæfileika sína.
- Að hjálpa nemendum að þróa þá færni sem þau þurfa til að leggja sitt af mörkum í samfélaginu.
- Að gera foreldrum mögulegt að velja skóla og uppeldisstefnu í samhljómi við eigin lífssýn.
- Að gera kennurum og starfsfólki kleift að starfa í menntastofnun þar sem lífsgildi þeirra samræmast gildum stofnunarinnar.

Waldorfskólar reyna að gefa nemendum sínum svigrúm til að skynja og reyna nýja hluti, bregðast við þeim, líkja eftir og skapa nýtt. Kennslufræði Steiners gengur út frá því að hugmyndaflug og sköpunargleði séu nauðsynleg til þess að hægt sé að tileinka sér nýja þekkingu og færni.

Einnig að menntastofnanir séu í kjöraðstöðu til að ýta ríkjandi hagnaðar- og afkastasjónarmiðum samfélagsins til hliðar og skapa rými fyrir annarskonar gildi sem gefa lífinu innihald.

Kennarar og starfsfólk skólans skólaárið 2021-2022.

- **Snorri Traustason** Skólastjórn/umsýsla
Waldorfkennari.
Diplóma í mennta og menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst.
- **Sigurbjörg Agnes Eiðsdóttir** Skólastjórn/ Umsjónarkennari elsta stigs / íslenska
Grunnskólakennari
- **Vigdís Gígja Ingimundardóttir** Skólastjórn/ Umsjónarkennari 7-8.bekkur/
Waldorfkennari/Grunnskólakennari
- **Birnir Guðbrandsson** fagkennari / stærðfræði/náttúrugreinar
Leiðbeinandi
- **Ása Hlín Svavarsdóttir** bekkjarkennari 1.bekkur fag/leiklist
Grunnskólakennari
- **Magnús M. E. Sigurðsson** Bekkjarkennari 2-3. Bekkur fag/íslenska
Leiðbeinandi
- **Ólafur Jens Sigurðsson** bekkjarkennari 4. Bekkur fag/íslenska/leiklist
Grunnskólakennari
- **Lilianne van Vorstenbosch** Deildarstjóri sérkennslu
Sálfræðingur/Grunnskólakennari
- **Álfheiður Þórhallsdóttir** Fagkennari/danska/tónlist/lífsleikni
Grunnskólakennari
- **Gunnar Dan Wiium** Smíðakennari/ húsvörður/öryggisvörður
Trésmíðameistari

Kennarar í hlutastarfi:

- **Shabana Zaman** fagkennari /enska
Waldorfkennari/Grunnskólakennari
- **Brynhildur Þórðardóttir** fagkennari /textílmennt/danska/íþróttir
Grunnskólakennari
- **Zoltan Belányi** sundkennari
sundþjálfari

Starfsfólk skólans

- **Johan Anderson** matráður skólans
- **Anastasia Dodonova** stuðningsfulltrúi/starfsmaður viðveru
- **Embla Orradóttir** stuðningsfulltrúi/starfsmaður viðveru
- **Helga Halldórsdóttir** skólaliði/starfsmaður viðveru
- **Jón Oddur Jónsson** ræsting

Nemendur.

Skipt var í bekkjardeildir sem hér segir:

- * 1. bekkur 16 nemendur , bekkjarkennari : Ása Hlín Svavarsdóttir.
- * 2-3. bekkur 18 nemendur, bekkjarkennari: Magnús M.E. Sigurðsson.

- * 4. bekkur 13 nemendur, bekkjarkennari: Ólafur Jens Sigurðsson.
- * 5-6. bekkur 19 nemendur, bekkjarkennari: Snorri Traustason.
- * 7-8. bekkur 22 nemendur, umsjónarkennari: Vigdís Gígja Ingimundardóttir
- * 9-10. bekkur 22 nemendur, umsjónakennari: Sigurbjörg A Eiðsdóttir.

Námsmat.

Waldorfskólinn leggur áherslu á fjölbreyttar námsmatsaðferðir og er símat á framförum og hæfni nemenda aðal mælikvarði námsmats í skólanum. Kennarar meta vinnu nemenda í kennslustundum og eftir hverja námstörn. Þar er lagt til grundvallar m.a. framfarir, hæfni, skapandi hugsun, ástundun, áhugi, almenn færni og vinnubrögð, félagsfærni og skólasókn. Ekki eru lögð fyrir hefðbundin próf í skólanum. Jafningjamat og leiðsagnarmat er ennfremur nýtt á efsta stigi skólans.

Samræmd próf eru lögð fyrir í 4,7 og 9. bekk skólans. Nemendum og foreldrum eru kynntar niðurstöður úr þeim og unnið er úr niðurstöðum þeirra.

Nemendur fá skriflega vitnisburði í lok skólaárs. Nemendur 10. bekkjar fá lokamat og vitnisburð frá skólanum í samræmi við reglugerð um brautskráningu nemenda úr grunnskóla.

Foreldrum býðst foreldraviðtal í lok hverrar annar. Þar er farið ytarlega yfir námsframvindu nemandans ásamt bekkjarkennara, auk þess sem þeir hafa tækifæri til þess að skoða vinnubækur og önnur gögn. Nemendum býðst að vera með með í viðtalinu frá 7- 10. bekk. Nemendum unglingsstigs er boðið upp á nemendaviðtöl og ráðgjöf eftir þörfum til að fara yfir stöðu sína og framfarir og setja sér markmið.

Rammi sjálfsmats.

Skólinn hefur unnið að sjálfsmati undanfarin ár eftir samsettu og aðlöguðu kerfi. Rammi þess hefur verið, að styðjast við ýmis matstæki eins og SWOT (strengths, weaknesses, opportunities, threats)-greiningu á stöðu, Þjónustuhringur-heildstætt mat á starfsemi og PIMP (Potential improvement points).

Sú vinna hefur nýst vel til að fá fram styrk og veikleikagreiningu, skoða dreifð vinnunnar á hópa, meta árangur og gera umbótaáætlanir.

Ennfremur er stuðst við matstæki sem er kallað fjögurra laufa smárinn og hefur verið notað innan mannspekistofnana og waldorfskóla.

Samkvæmt þeirri fyrirmynd er heildarstarfsemi skólans sett upp sem mynd sem skiptist í fjögur frumsvið eða „lauf“ þar sem hægt er að greina ýmsa ferla og vinna að því að sjá hvar mest er þörf á úrbótum. Þetta er nýtt meðfram SWOT til að horfa á hvaða svið eru með flesta þætti í styrk og veikleikagreiningu og síðan er hægt að greina það frekar.

Frumsviðin eru greind þannig:

Eldur. Hugsjónir, markmið og stefna stofnunarinnar og samfélagsins.

Undir þetta falla þættir eins og framtíðarsýn, sérstaða, námsskrá, þróunarstarf og verkefni og mannauður.

Loft. Allir ferlar samstarfs og öll tengsl innra og ytra.

Stjórnun skólans, samstarf við nemendur, foreldra, fræðsluyfirvöld, opinbera samstarfsaðila og aðra er tengjast skólasamfélaginu.

Vatn. Vinnuferlar, kennslan, námið og hrynjandi í skólastarfinu.

Nemendur, námsmat, námsefni, gæði kennslu, samþætting námsgreina, símenntun og endurmat.

Jörð. Efnislegar hliðar skólastarfs, byggingar og lóð, fjármál, tæki og hráefni.

Undir þennan þátt fellur allur aðbúnaður, tæki og efni, skólahús, hráefni, vistvernd, umgengni og fjármál.

Heildstætt mat á starfsemi skólans hefur farið fram undanfarin ár í tengslum við þróunarvinnu vegna byggingar nýs skólahúsnæðis og hafa niðurstöður þeirrar vinnu verið nýttar í tengslum við áætlanagerð í sjálfsmatsvinnu skólans.

Ekki hafa verið þörf á að gera margar formlegar kannanir meðal nemenda og foreldra þar sem skólasamfélagið er lítið og greining á þörfum þeirra og óskum fer stöðugt fram með lifandi samræðum við einstaka nemendur, bekkjarhópa og foreldra, þar sem tekið er tillit til þeirra. Áætlað er að gera formlegar kannanir á viðhorfum foreldra annað til þriðja hvert ár og það sett inn í sjálfsmatsvinnu skólans.

Á þessu skólaári var gerð viðhorfskönnun foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur og var niðurstaða könnunarinnar fyrir Waldorfskólann Sólstafi frekar jákvæð.

Í könnuninni kemur fram að 70% foreldra skólans svöruðu könnuninni. Í samantekt spurnnga kemur fram að meðalskor í svörum er yfir meðaltali svara almennt hvað varðar Vellíðan barns í skólanum, hvernig tekið er á stríðni og einelti, hvort barnið taki framförum og hvort skipting úr leikskóla gekk

vel, en þar var 86% jákvætt svar. Unnið verður með niðurstöður könnunarinnar í sjálfsmati næsta skólaárs.

Foreldrafélags skólans er lítið virkt vegna takmarkana í skólastarfinu og þarf að huga að enduruppbyggingu þess við fyrsta tækifæri.

Kennarateymi skólans hittist vikulega á kennarafundi allt skólaárið og nýtast þeir einnig sem tæki til sjálfsmats, þar sem m.a. er unnið með námsframvindu einstakra nemenda, þarfagreiningar, áætlanir, gæði skólastarfsins og mat á því, samskipti við ytri aðila og praktísk málefni skólans. Starfsdagar kennara nýtast einnig að hluta í sjálfsmatsvinnu og áætlanagerð.

Í Waldorfskólanum er unnið með valddreifð eða flata stjórnun, þar sem allir kennarar og starfsmenn taka ábyrgð og koma að ákvarðanatöku innan skólans í sameiningu. Kennarar með mikla starfsreynslu eru leiðandi í starfinu. Leiðtogi starfsins er skólastefnan sjálf.

Sjálfsmatsáætlun skólans frá fyrra ári.

Mælanleg markmið sem ákveðið var að raunhæft væri að vinna með áfram í umbótaáætlun fyrir 2021-2022 voru eftirfarandi:

- * Að hæfniviðmið Waldorfnámsskrár séu skoðuð og skilgreind í fleiri námsgreinum. Að námsáætlanir séu birtar á heimasíðu
- * Að þróunarstarf milli leikskóla og grunnskólastigs sé útfært nánar.
- * Að starfi við aðlögun og íslenskukennslu tvítýngdra nemenda sé eftl.

Mikilvæg langtíamarkmið sem vinna þarf áfram að á næstu þremur árum.

- *Að aðlaga samstarf skólastiga betur í skólasamfélaginu
- . *Að auka nemendafjölda skólans í allt að 150 nemendur.
- *Að þróa skólanámskrá enn frekar með framtíðarsýn skólans í huga.
- *Betri yfirsýn og skipulag innan stofnunarinnar.
- *Halda háu menntunarstigi kennara skólans og bjóða upp á símenntun og fjarnám í Waldorffræðum.

Mælanleg markmið sem ákveðið var að raunhæft væri að vinna með áfram í umbótaáætlun fyrir 2022-2023 voru:

☑ Bætt gæði kennslu. Að hæfniviðmið Waldorfnámsskrár séu skoðuð og skilgreind í samfélags og náttúrufræðigreinum. Að námsáætlanir séu birtar á heimasíðu skólans.

Á síðasta skólaári voru hæfniviðmið fyrir kjarnagreinar skilgreind og sett fram á vefsíðu skólans. Mælikvarði á árangur er að hæfniviðmið fyrir sem níu námsgreinar hafi verið samræmdar í skólanámskrá fyrir alla árganga. Búið er að taka fyrir íslensku, stærðfræði, erlend tungumál og list og verkgreinar. Næsta skref er að ljúka við hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar, náttúrufræðigreinar og íþróttir á öllum stigum og birta á heimasíðu.

☑ Að þróunarstarf samstarfs leikskóla og grunnskóla Sólstafa haldi áfram.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að sameiginlegri vinnu leik-og grunnskólans með það í huga að tilfærsla barna milli skólastiga waldorfskólans verði sem greiðust og eðlilegust. Á þessu hausti kom stór hópur inn í grunnskólann úr leikskólanum, alls 16 nemendur. Skólaheimsóknir og samkomur ásamt foreldrum voru þó illmögulegar áfram eins og staðan hefur verið með Covid 19-sóttvarnarreglur sem voru í gildi í upphafi skólaárs og er því áframhaldið með þessa vinnu eins og í fyrravetur.

☑ Að starf við aðlögun og íslenskukennslu tvítýngdra nemenda sé eftt.

Íslensku og móðurmálskennsla tvítýngdra nemenda sé aukin og þörf tvítýngdra nemenda við skólann sé kortlögð sérstaklega í samráði við deildarstjóra sérkennslu og bekkjarkennara. Nýr deildarstjóri sérkennslu hóf störf við skólann í haust og hefur unnið að því að kortleggja þessa vinnu ásamt kennurum bekkja. Stuðst við Milli mála prófun við þá kortlagningu.

☑ Að þróunarstarf sé eftt fyrir frístund skólans.

Nauðsynlegt er að bæta gæði og skipulag frístundar skólans og bæta verkferla. Í frístund eru starfsmannaskipti tíðust í skólastarfinu og þarf að huga að því að fá inn menntað og reynslumeira starfsfólk sem tekur að sér að leiða starfið. Starfsáætlanagerð og símenntun/námskeið starfsfólks, auk góðrar samvinnu við bekkjarkennara yngra stigs er forsenda þess að starfið gangi vel og sé að skila meiri gæðum og öryggi í anda skólastefnunnar.

Til að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að skólinn auki nemendafjölda sinn jafnt og þétt og að verkáætlanir standist.

Haldið var áfram með sömu stefnumið að lokinni sjálfsmatsvinnu síðasta skólaárs, með áherslu á að auðga og skerpa á starfsmannastefnu, til að auka samvinnu og vellíðan kennara og starfsfólks, sem skilar sér til nemenda:

Við viljum framsækinn Waldorfskóla frá leikskólastigi að lokum grunnskóla.

**Við viljum metnaðarfullt, lifandi og skapandi starf innan skólasamfélagsins.
Þar sem umhyggja, kærleikur og virðing er í öllu skólastarfinu.**

Við viljum bætt samstarf og samvinnu við foreldra og forráðamenn skólabarna.

Við viljum efla samvinnu, liðsheild og samstarf allra sem starfa á Sólstöfum.

Sjálfsmatsvinna og niðurstöður skólaársins 2021-2022

Skólaárið 2021-2022

Vinna að sjálfsmati og niðurstöður.

Á síðasta skólaári var farið í stefnumótunargreiningu í janúar en ekki var farið í SWOT greiningu á þessu skólaári. Unnið var áfram að umbótum frá fyrra sjálfsmati í staðinn. Viðhorfskönnun foreldra 2022 var gerð af Reykjavíkurborg á vorönn og verða niðurstöður hennar nýttar í sjálfsmatsvinnu á næsta skólaári.

Í stefnumótun fyrir skólann voru sérstaklega teknir fyrir þættir í sambandi við stjórnun, vinnuverndarmál, veikindafjarvistir og heilsa og vellíðan kennara og starfsfólks. Þessir þættir voru greindir og ákveðið var að uppfæra þyrfti stefnu skólans í veikinda og fjarvistarmálum.

Undanfarin tvö skólaár hafa verið einstaklega erfið vegna ástandisins í þjóðfélaginu vegna Covid og hefur skólastarfið og samstarf liðið fyrir það þó allir hafi lagst á eitt til þess að nemendur megi fá sem eðlilegast nám og starf í skólanum. Enn voru takmarkanir í starfinu fram á miðja vorönn og hafði það mikil áhrif á samstarf við foreldra, leikskólastig og hátíðir og samkomur skólans. Að mestu var unnt að kenna samkvæmt stundaskrá í vetur en þó þurfti aðeins að fella niður handverkskennslu í elsta árgangi skólans einn mánuð eftir áramótin. Hægt var að halda jólabasar skólans í örformi þar sem takmarkanir voru með minnsta móti í nóvember og elsti bekkur skólans komst í lokanámsferð sína til Frakklands í maí. Skólaslit voru án foreldra að þessu sinni en foreldrar útskriftarnema fengu að mæta.

Griðarlegt álag var á stjórnendum skólans og fulltrúaráði þennan vetur, vegna Covid, veikindafjarvista og aðlögunar alls starfs og náms.

Dregin var upp stefna Waldorfskólans í fjarvistar og veikindamálum og unnin ásamt mannauðsstjóra og Vinnuvernd, sem mun koma að skráningu veikindafjarvista á vinnustaðnum og vera ráðgefandi bæði fyrir kennara og starfsfólk og fyrir stjórnendur skólans til að fá sem gleggsta mynd af stöðunni.

Markmið þessarrar vinnu er að gæðastjórnun vegna fjarvista verði betri sem skilar vonandi færri veikindadögum og tryggir heilsusamlegt og gott vinnuumhverfi. Ennfremur var unnið að því að útbúa nýjar spurningar fyrir starfsmannviðtal og fjarvistarviðtal sem verði hluti af heilsustefnu skólans

Tækifæri gafst síðastliðinn vetur til þess að fara í mikla endurskoðun og skipulagsvinnu með starfsmannastefnu skólans, mannauðsstjórnun var aukin og starfsþróunaráætlun endurunnin, auk þess sem allir starfssamningar voru endurnýjaðir og starfslýsingar endurskoðaðar.

Markmið starfsmannastefnu skólans, er eftirfarandi: „ .. **að sjá til þess að Waldorfskólinn Sólstafir sé aðlaðandi vinnustaður þar sem blómstar frumkvæði, fagþekking, verkunnátta, samstaða og vilji til þess að skapa fallegt og framsækið skólasamfélag þar sem eldmóður er sóttur í hugmyndafræði skólastefnunnar“.**

Ennfremur vill skólinn:

- Að þjónusta við nemendur og foreldra sé framúrskarandi og að þarfir þeirra sem með skilgreindum hætti eiga að njóta þjónustunnar hafi óskoraðan forgang.
- Að þjónustan sé skilvirk en um leið hagkvæm.
- Að dreifa ákvarðanatöku, valdi og ábyrgð meðal starfsfólks þannig að sjálfstæði þeirra og frumkvæði fái að njóta sín sem best.

Mestallt þróunarstarf og þættir í umbótaáætlun skólans var enn á ný lagt til hliðar í vetur vegna álags í skólastafinu, bæði utanfrá sem innan skólans, en verður tekið upp að nýju á næsta skólaári. Kennsla og nám gekk þó með ágætum vel í vetur og var unnið ötullega og samkvæmt skólanámskrá í öllum bekkjum. Lítið sem ekkert þurfti að fella niður kennslu í námshópum vegna smæðar skólans og hópa. Þó þurfti að sameina hópa eftir atvikum vegna veikinda starfsfólks og kennara en niðurfelling tíma var ekki viðvarandi hjá neinum aldurshópi.

Huga þarf áfram að því að ná fyrri markmiðum með að finna leiðir til að sækja/skrá þá þekkingu sem er til staðar hjá reynslumestu kennurum skólans svo sú þekking nýtist skólanum og skólastarfi waldorfstefnunnar almennt inn í framtíðina. Finna þarf aðstöðu og tíma fyrir þessa kennara til að koma þessu frá sér.

Þessum stefnumiðum hefur verið fylgt vel eftir og er unnið að þeim áfram.

Mælanleg markmið sem ákveðið var að raunhæft væri að vinna með áfram í umbótaáætlun fyrir 2022-2023 eru þau sömu og frá fyrra ári:

- * Hæfniviðmið Waldorfnámsskrárinnar séu skoðuð og skilgreind í fleiri námsgreinum og að kennsluáætlanir séu birtar á heimasíðu.
- * Að þróunarstarf samstarfs leikskóla og grunnskóla Sólstafa haldi áfram.
- * Að starf við aðlögun og íslenskukennslu tvítyngdra nemenda sé eftl.
- * Að uppfæra og dýpka starfsáætlun og umbótaferla fyrir frístund skólans og endurvinnu starfslýsingar og vinna að símenntun starfsfólks frístundar.

Langtímamarkmið skólans til næstu ára

Önnur mikilvæg markmið sem gott væri að vinna að áfram á næsta skólaári:

- * Auka endurmenntun/símenntun kennara og starfsfólks í waldorffræðum.
- *Ljúka við gerð starfsþróunaráætlunar og starfsmannastefna skólans metin.
- * Efla starf sérkennara og vinnu við mat á nemendum og sérkennslu/Styrkja ytri bjargir.
- *Bæta mannauðsstjórnun skólans enn frekar og vinna að jafnlauna staðfestingu.
- *Skoða og bæta verkferla vegna aukins álags stjórnenda og kennara í starfi.
- * Ljúka við að uppfæra stefnu skólans gegn einelti og ofbeldi og skoða verkferla.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2022-2023

Umbótaáætlun skólans er áfram tengd þeim atriðum sem verið er að vinna með í gegnum mat skólans á forgangsverkefnum til að styrkja gæði skólastarfsins.

Fylgirit með starfsáætlun

Umbótaáætlun 2022-2023

Áfram er unnið með nokkur markmið frá fyrra ári, auk nýrra, að forgangsverkefnum til að styrkja gæði skólastarfsins.

| Tækifæri til umbóta | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímasetning aðgerða | Ábyrgðaraðili | Endurmat, hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|--|---|---|-------------------------------|---|--|---|
| Hvað þarf að bæta? | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir | Hvaða aðferðir (fjölbreytar) eru notaðar við gagnaöflun? Starfsdagar í jan og júní | Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum. |
| Námsáætlanir og hæfniviðmið skólans | Að hæfniviðmið Waldorfnámskrár séu skilgreind og birt fyrir samfélagsgr og náttúrufr.gr. Að kennsluáætlanir séu birtar á heimasíðu. | Umsjónarkennarar eldra stigs vinna að verkefninu sameiginlega og kynna í áföngum. | Okt-2022-maí 2023 | Sigurbjörg Eiðsdóttir Vigdís G Ingimundard. | Aðalnámsskrá Grunnskóla Norsk aðalnámsskrá Waldorfskóla og fleiri rit | Að markmið námsgreina og hæfniviðmið séu skráð í þessu tveimur námsgreinum fyrir öll stig Waldorfskólans. |
| Samstarf við Waldorfleikskólann Sóltúni | Að þróunarsamtarf elstastigs leikskóla og grunnskóla Sólstafa haldi áfram | Samvinna milli skólastiga. Skólahópur. Vinnufundir og áætlanagerð | Sept 2022-maí 2023 | Stjórnendateymi skólans og leikskólans | Vinnufundur og áætlanagerð til næstu 5 ára á starfsdögum á vorönn 2023 | Samvinna skólastiganna útfærð frekar yfir skólaárið og kynnt. |
| Tvítýngdir nemendur og fjölmenning í skólastarfinu | Að starf við aðlögun og íslenskukennslu tvítýngdra | Sérkennari vinnur á samtakkjarkennurum að skipulagi | okt. 2022-des. 2022 | Vigdís Gígja Ingimundardóttir | Áætlun fyrir vorönn 2023 | Íslenskukennsla tvítýngdranemendaskipulögð. |

| | | | | | | |
|-------------------------------------|---|---|-------------------|--------------------------------------|----------------------------|---|
| | nemenda sé eft. | Íslenskukennslu . | | Lilianne Vorstenbosch | | |
| Þróunarstarf fyrir frístund skólans | Bæta skipulag og gæði frístundar eftir skóla. Bæta símenntun frístundarstarfsfólks | Búa til starfsáætlun og gera plan fyrir hvora önn. Vinna með námssefni/podköst. Samráðsfundi einu sinni í mánuði. | sept2022 maí 2023 | Lilianne Vorstenbosch Juan Camilo | Starfsdögum í jan og júní. | Góðar áætlanir fyrir starf haust og vorannar. Meiri gæði og öryggi í starfi. |